HAFNARSVÆÐI UTAN SUÐURGARÐS HAFNAFJARÐAR LÓÐ NR. 40 (28)

1 Niðurstöður brunavarna

Brunasamstæður
Byggingin myndar tvær brunasamstæður.
Netaverkstæði í f.v. skipasmíðastöð myndar sér brunasamstæðu og jafnframt eitt brunahólf (1105,2 m²).
Lagerar og víralyftibúnaðarverkstæði og skrifstofur mynda eina brunasamstæðu sem skiptist í fleiri brunahólf (2348,1 m²).
Veggur á milli netaverkstæðis (skipasmíðahúss) og lagers verður EI90 með EI-S60 felltjaldi sem stjórnast af boði frá vatnsúðakerfi og brunaviðvörunarkerfi ásamt handstýringu.

Brunahólfun
Brunahólf skulu almennt vera a.m.k. EI60 veggir með EI-CS30 hurðum. Gler í brunahólfandi veggjum er almennt a.m.k. E30.
Stærstu brunahólfin eru netaverkstæði (1105,2 m²) og lagerar (1891,6 m²).
Skrifstofu- og starfsmannaálma verður sér brunahólf (595,2 m²).
Inntaksrými (15,0 m²), lyftarahleðsla (15,1 m²), loftræsing(7,1 m²) og starfsmannaaðstaða lagermanna (47,0 m²) verða sér brunahólf.

Burðarvirki
Brunamótstaða aðalburðarvirkja skrifstofu verður a.m.k. R60.
Stálgrind í veggjum og lofti iðnaðarrýma verður að öðru leyti ekki brunavarin sérstaklega. Þar sem stálsúlur í hærri lager eru innan veggja hans veggja þarf ekki að verja þær sérstaklega skv. reglum um ESFR kerfi.
Brunamótstaða burðarvirkis stiga verður a.m.k. A-R30.
Hæðaskil verða a.m.k. REI60.

Klæðningar
Allar klæðningar (utan- og innanhúss) verða í flokki 1 og gólfefni í flokki G.
Utanhúsklæðningar verða í flokki 1.
Þakklæðningar verða a.m.k. í flokki T.
Upphengd loft verða úr A-efnum.

Flóttaleiðir
Úr hverju bili eru a.m.k. tvær fullgildar óháðar flóttaleiðir. Hvergi verður lengra en 25 m í útgang. Fellistigi verður frá fundarherbergi. Hurðir skulu búnar neyðarhúnum og snerlum.

Brunaviðvörunarkerfi
Viðurkennt númerað brunaviðvörunarkerfi verður í húsinu skv. reglum Brunamálastofnunar. Kerfið verður tengt viðurkennndri vaktstöð. Stjórnstöð ásamt yfirlitsmynd verður í anddyri hússins.

Loftræsikerfi
Þannig skal gengið frá loftræsikerfum að þau rýri ekki brunahólfun byggingarinnar og stuðli ekki að reykútbreiðslu við bruna.
Bruna-/reyklokur verða almennt þar sem loftræsikerfi fara á milli brunahólfa í samræmi við DS 428.
Loftræsikerfi skal slökkva á sér við boð frá brunaviðvörunarkerfi.
Við brunaboð skulu bruna - og/eða reyklokur lokast.

Reyklosun
Netaverkstæðið verður reykræst í gegnum skipadyr og auðbrennanlegt plast á hliðum hússins (Polyester-acrylic). Tryggt skal að ávallt verði hægt að opna skipahurð með vararafmagni.
Hærri lager verður reykræstur handvirkt eftir bruna um vörudyr á gagnstæðum endum. Skv. reglum um ESFR vatnsúðakerfi verða ekki reyklúgur í þaki.
Í lægri lagernum verða ofanljós samsvarandi 8 m² eða 1% af gólffleti.
Lagerar verða reykræstir út um vörudyr á gagnstæðum endum hússins.

Vatnsúðakerfi
Sjálfvirkt vatnsúðakerfi skv. reglugerð nr. 245/1994 verður í öllu húsinu að undanskildu netaverkstæði. ESFR kerfi verður í hærri lager. Vatnsúðakerfið verður tengt stjórnstöð brunaviðvörunarkerfis. Klefi með stjórnbúnaði fyrir vatnsúðakerfi verður í sér brunahólfi og aðgengilegur utanfrá.

Slöngukefli og slökkvitæki
Slöngukefli verða í öllu húsinu þannig að brunaslöngur nái út í öll horn.
Slökkvitæki skulu staðsett við brunaslöngur en auk þess vera í eldhúsi, skrifstofum, tæknirýmum og öðrum stöðum þar sem aukin hætta er á eldi.
Slökkvitækin skulu sett upp í samvinnu við brunahönnuð eða slökkvilið á staðnum.

Út- og neyðarlýsing
Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð.
Reikna skal með a.m.k. 1 lux á flóttaleiðum en 0,5 lux á opnum svæðum.
Neyðarlýsing verður í tæknirýmum.
Lýsing þarf að vera utanhúss við útidyr flóttaleiða.

Eftirlit og viðhald brunavarnakerfa
Þjónustusamningur verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörunarkerfi ásamt jaðarbúnaði, handvirkur slökkvibúnaður, út- og neyðarlýsing, vararafmagn fyrir fellitjald). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Óseyrarbraut 40.

Brunahönnun gerð af VSI, verknúmer 99-118, sjá greinargerð dags. 3. október 2005.



AFSTÖÐUMYND mkv. 1:1000

BYGGINGARLÝSING:

Almennt:
Byggingin er að meginhluta stálgrindarhús sem skiptist upp í þrjár höfuðeiningar, þ.e netaverkstæði, lager, víra og lyftibúnaðaverkstæði og skrifstofu og starfsmannaaðstöðu, sem er að meginhluta steypt upp á hefðbundin hátt.

Burðavirki:
Byggingin skilgreinist sem hús í flokki C hvað varðar hliðarfærslu og svignun í samræmi við byggingareglugerð.
Burðavirki byggingarinnar er járnbennt steinsteypa í undirstöðum og botnplötum, ásamt útveggjum skrifstofu og starfsmannaálmu. milligólf og þakvirki í sarfsmannaálmu er úr forsteyptum holplötum. að öðru leyti er burðavirki byggingarinnar ofan botnplötu forsniðin stálgrind.

Útveggir:
Viðgerða og skipasmíðahús: Stállektur klæddar 0,6 mm dimmblárri trabissu stálklæðningu (lóðrétt klæðning) í samræmi við skipulagsskilmála að utan, einangraðir með 100 mm þéttull og klæddir litaðri stálklæðningu að innan.
Smiðju og verksmiðjuhús: Stállektur klæddar 0,6 mm metalic litaðri trabissu stálklæðningu (lárétt klæðning)í samræmi við skipulagsskilmála að utan, einangraðir með 100 mm þéttull og klæddir litaðri stálklæðningu að innan
Starfsmanna og skrifstofuhús: Hefðbundin steyptur útveggur einangraður með 100 mm þéttull í grind klætt með 13mm gifsplötum.

Þök:
Þök eru uppbyggð á samskonar hátt og veggir viðkomandi byggingaeininga. Þak viðgerða og skipasmíðahúss einangrað með 100 mm steinull. Þak smiðju og verkstæðishúss einangrast með 150 mm steinull. Þak starfsmanna og skrifstofuhúss einangrast með 200 mm polystyren einangrun. Ysta klæðning þess þaks er PVC þakdúkur. Í þak yfir skrifstofum á 2. hæð (innbyggð í stálgrindarhús) komi til viðbótar 50mm steinull í grind þannig að heildarþykkt einangrunar sé 200mm.

Leyfilegar kólnunartölur:
Leyfilegar kólnunartölur fyrir byggingahluta skulu vera í samræmi við bygingareglugerð og skal miða við að: Skrifstofu og starfsmannna hús sé fullhitað húsnæði þ.e innlofthiti 18 °C eða meiri. (U-gildi þaks 0,2 W/m2K)
Smiðju og verkstæðishús sé innihiti 10-18 °C. (Ugildi þaks 0,3 W/m2K). Hvað varðar viðgerðar og skipasmíðahús eru ekki gerðar kröfur um innihita.

Lagnir:
Hiti: Komið verður fyrir gólfhita í viðgerða og skipasmíðahús, ásamt verkstæðis og smiðjuhúsi, en skrifstofur og starfsmannaaðstaða verður hituð upp með hefðbundnu ofnakerfi.
Helstu lagnaleiðir í byggingunni eru í loftum og eru þær lagnir sýnilegar og óbirgðar.
Varðandi inntök veitna skal hafa samband við viðkomandi veitustofnanir.

5/10.05
Einkaleyfi hönnuðar byggingarvaðbúins hs.

BREYTINGAR:

03.10.2005	Nýtt anddyri (7,0 m2) að sunnan og ný hurð að norðan. Milliloft sett yfir inntaksklefa og þar koma tvær skrifstofur og fundarherbergi kemur yfir lyftarageymslu. Fjórir nýjir gluggar á 2. hæð að vestan. Loftræsiklefi aftan við lyftarageymslu á 1. hæð vestanmegin. Ofanljós í lager minnkuð og/eða lokuð. Staðsetning brunaslangna breytt.

SKÝRINGAR:
Hús hannað af Vektor árið 1999

SKÝRINGAR

ÚT	TÁKNAR MERKTUR ÚTGANGUR
EI60	TÁKNAR VEGG SEM HELDUR EINANGRUN OG HEILLEIKA Í 60 MÍNÚTUR
REI60	TÁKNAR BERANDI VEGG SEM HELDUR EINANGRUN OG HEILLEIKA Í 60 MÍNÚTUR
R60	TÁKNAR BERANDI BYGGINGARHLUTA SEM HELDUR Í 60 MÍNÚTUR
E30	TÁKNAR GLUGGA SEM HELDUR HEILLEIKA Í 30 MÍNÚTUR
EI-CS30	TÁKNAR HURÐ SEM HELDUR EINANGRUN OG HEILLEIKA Í 30 MÍNÚTUR, ER SJÁLFLOKANDI OG MEÐ PAKKNINGAR FYRIR HEITAN OG KALDAN REYK
EI-S60	TÁKNAR HURÐ SEM HELDUR EINANGRUN OG HEILLEIKA Í 60 MÍNÚTUR OG ER MEÐ PAKKNINGAR FYRIR HEITAN OG KALDAN REYK

STÆRÐIR

3.672,4 M²
38.613,6 M³
LÓÐ 12.240 M²
NH= 0,30

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
HAFNARFJARÐAR-
OG KÓPAVOGSSVÆÐIS
Garðatorgi 7 - 210 Garðabæ
5/10 2005

ÍSFELL - ÓSEYRARBRAUT 28

Anna Margrét Hauksdóttir arkitekt· kt. 120665 - 3169
Anton Örn Brynjarsson verkfræðingur· kt. 270559 - 7199
Fanney Hauksdóttir arkitekt· kt. 170561 - 7249
Haukur Haraldsson tæknifræðingur· kt. 260938 - 2079

AVH
ARKITEKTÚR·VERKFRÆÐI·HÖNNUN
Kaupangi · Mýrarvegi ·600 Akureyri ·Sími 460 4400 ·Fax 460 4401 · avh@avh.is · www.avh.is
Þingholtsstræti 27 ·101 Reykjavík ·Sími 561 4400 ·Fax 561 4411

Aðaluppdráttur
Afstöðumynd

Dagsetning:	10.08.2005
Mælikvarði:	1:1000/A1
Teiknað:	AMH
Yfirfarið:	
Breyting:	

A 101